

Föstudaginn 6. mars 1992.

Nr. 481/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Sigurþóri Ólafssyni
og Guðna Magnússyni

(Kristján Stefánsson hrl.).

Fjársvik. Vátrygging. Bifreiðar. Tékkar. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 25. nóvember 1991. Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru og dæmdir til refsingar og að ákærði Guðni verði dæmdur til greiðslu skaðabóta.

Af hálfu ákærðu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar ákærða Guðna, og að ákærði Sigurþór verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins.

Málið sætti ekki sókn í héraði af hálfu ákærvaldsins, sbr. 130. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Nokkurra nýrra gagna hefur verið aflað eftir uppsögu héraðsdóms.

I.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, að því er varðar I. lið ákæru á hendur ákærða Sigurþóri fyrir tékkalagabrot, um sakfellingu og heimfærslu til refsíákvæða.

II.

Í fyrstu frásögn sinni 12. febrúar 1991 hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins af árekstri bifreiða ákærðu sagði ákærði Sigurþór, að áreksturinn hefði ekki orðið á gatnamótum Sogavegar og Réttarholtsvegar, heldur á kvartmílubrautinni við álverið í Straumsvík. Hann lýsti árekstri þessum þannig, að hann hefði ekið bifreið sinni eftir brautinni í átt að bifreið ákærða Guðna, sem hefði verið kyrrstæð við enda brautarinnar, og hefði ákærði Guðni setið í bifreið

sinni. Vegna hálku hefði bifreið ákærða Sigurþórs runnið stjórnlaust á hægri hlið hinnar bifreiðarinnar. Kunningi þeirra, Sverrir Már Sverrisson, hefði staðið við brautina.

Ákærði Guðni bar í fyrstu frásögn sinni 14. febrúar mjög á sama veg að öðru leyti en því, að hann sagðist hafa staðið við brautina með Sverri Má, er áreksturinn varð. Ákærði Sigurþór bar á sama veg og ákærði Guðni um þetta atriði við yfirheyrslu 7. mars 1991. Ákærðu hafa fyrir héraðsdómi ætíð haldið fast við þann framburð sinn, að bifreið ákærða Sigurþórs hafi aðeins rekist einu sinni á bifreið ákærða Guðna.

Að beiðni ríkissaksóknara voru dómkvaddir tveir matsmenn í sakadóm Reykjavíkur 11. febrúar 1992 til þess að „láta í ljós álit á tilurð skemmda á bifreiðunum R-67193 og R-12710, sem skemmdust við akstur fyrri bifreiðarinnar á hina síðari, þ.e., hvort skemmdir á bifreiðunum geti allar hafa orðið við einn árekstur milli þeirra, eins og ákærðu í ofangreindu máli hafa lýst, eða hvort fleiri árekstra hafi þurft, til þess að þetta tjón yrði, og þá, hvort fjórir árekstrar séu líklegir í því sambandi“. Dómkvaddir voru bifreiðasmíðirnir Ari Ólafsson og Friðbjörn Kristjánsson, og sögðu þeir í mati sínu, dags. 17. febrúar 1992:

„Miðað við upplýsingar um að bifreiðin R-12710 hafi verið kyrrstæð og bifreiðinni R-67193 hafi verið ekið á hægri hlið hennar með ca. 90° horni, teljum við útilokað að skemmdir á R-12710 hafi komið við eina ákeyrslu.

Hafi bifreiðin R-67193 skemmt R-12710, svo sem myndir sýna og lýsing núverandi eiganda, sem gerði við bifreiðina, segir til um, þarf fleiri en einn árekstur til.“

Matsmennirnir staðfestu mat sitt fyrir sakadómi Reykjavíkur 18. febrúar 1992. Ekkert er fram komið, sem hnekkir mati þeirra eða veitir ástæðu til að draga það í efa.

Með mati hinna dómkvöddu matsmanna og því, sem sjá má á framlögðum ljósmyndum er upplýst í máli þessu, að frásögn ákærðu um eina ákeyrslu bifreiðar ákærða Sigurþórs á bifreið ákærða Guðna er tilbúningur einn. Þegar þetta er virt svo og reikull framburður ákærða Sigurþórs um, hvar ákærði Guðni hafi verið, þegar bifreiðarnar skullu saman, ásamt þeirri staðreynd, að ákærði Sigurþór keypti húftryggingu fyrir bifreið sína þremur dögum fyrir

ákeyrsluna, er nægilega sannað, að ákærðu hafi viljandi skemmt bifreiðar sínar 14. janúar 1991 og fyllt síðan út rangar tjónstilkynningar og afhent þær til þess að fá greiddar tryggingabætur fyrir bifreiðarnar. Ákærði Guðni fékk greiddar bætur 18. janúar 1991 frá ábyrgðartryggjanda bifreiðar ákærða Sigurþórs, Tryggingamiðstöðinni hf., 415.000 krónur. Ákærði Sigurþór hefur ekki fengið greiddar bætur úr húftryggingu bifreiðar sinnar. Varðar háttsemi ákærða Guðna við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákærða Sigurþórs við sömu grein, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga, eins og í ákæru greinir.

III.

Refsingu ákærðu vegna váttryggingarsvikanna ber að ákvarða með vísan til 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, og er ekki ástæða til að gera mun á atferli þeirra í því tilliti.

Refsing ákærða Guðna telst hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði.

Refsing ákærða Sigurþórs, sem ákveðin er með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, telst einnig hæfileg fangelsi í þrjá mánuði.

Fullnustu refsingar beggja ákærðu þykir mega fresta, og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Eftir þessari niðurstöðu ber með vísan til 145. gr. laga um meðferð opinberra mála að dæma ákærða Guðna til að greiða Tryggingamiðstöðinni hf. skaðabætur. Upplýst hefur verið, að bifreiðin R-12710 hafi verið seld á 65.000 krónur. Krafa félagsins á hendur ákærða er, að hann endurgreiði fyrrgreindar tjónsbætur, kostnað vegna flutnings, 2450 krónur, reikning vegna bílaleigubíls, 10.010 krónur, og reikning vegna eigendaskipta, 2.300 krónur. Til frádráttar komi söluverð bifreiðarinnar, og sé því krafan 364.760 krónur auk vaxta frá 18. janúar 1991. Verður krafa þessi tekin til greina með vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði segir.

Ákærði Guðni Magnússon sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði Sigurþór Ólafsson sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Fuðlnustu refsingar beggja ákærðu er frestað, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Guðni Magnússon greiði Tryggingamiðstöðinni hf. 364.760 krónur í skaðabætur með vöxtum frá 18. janúar 1991 til greiðsludags eftir 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. nú 2. gr. laga nr. 67/1989.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði eru staðfest með þeirri breytingu, að ákærðu greiði óskipt þann kostnað, er lagður var á ríkissjóð, að með töldum málsvarnarlaunum.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmans, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. september 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 17. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinsyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 441-442/1991: Ákærvaldið gegn Sigurþóri Ólafssyni og Guðna Magnússyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. ágúst 1991, á hendur ákærðu, Sigurþóri Ólafssyni, Hlégerði 7, Kópavogi, kt. 051169-5069, og Guðna Magnússyni, Hraunbæ 156, Reykjavík, kt. 170572-3869, „fyrir eftirgreind brot:

I.

Gegn ákærða Sigurþóri fyrir tékkalagabrot með því að hafa 11. janúar 1991 gefið út til Tryggingamiðstöðvarinnar tékka nr. 5175037 á reikning nr. 652 í Búnaðarbanka Íslands, Kringluútíbúi í Reykjavík, að fjárhæð

23.000 kr., dagsettan sama dag, og notað hann síðan til kaupa á húftryggingu á bifreið ákærða, bifreiðina R-67193, og til greiðslu tryggingaiðgjalda af nokkrum öðrum bifreiðum hjá Tryggingamiðstöðinni hf., Reykjavík, allt án þess að næg innstæða væri á reikningnum.

Telst þetta varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

II.

Gegn ákærða Guðna fyrir tryggingasvik og ákærða Sigurþóri fyrir tilraun til tryggingasvika með því að framvísa í janúar 1991, ákærði Guðni hjá tryggingafélaginu Sjóvá-Almennum tryggingum hf. í Reykjavík og ákærði Sigurþór hjá Tryggingamiðstöðinni í Reykjavík, röngum tjónstilkynningum þess efnis, að tjón hefði orðið á bifreiðum ákærðu í árekstri milli þeirra á Réttarholtsvegi við Sogaveg í Reykjavík 14. janúar 1991, og átti ákærði Guðni að hafa ekið bifreið sinni, R-12710, suður Réttarholtsveg, en ákærði Sigurþór bifreið sinni, R-67193, austur Sogaveg og inn í hægri hlið bifreiðar meðákærða, en hið rétta var, að kærðu höfðu viljandi skemmt bifreiðarnir við kvartmílubrautina við Hafnarfjörð sama dag með því að aka bifreiðinni R-67193 nokkrum sinnum á bifreiðina R-12710. Ákærði Guðni fékk svo greiddar 415.000 kr. fyrir sína bifreið í tjónsbætur 18. janúar, en ákærði Sigurþór hefur ekki fengið greiddar bætur.

Telst brot Guðna varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og brot ákærða Sigurþórs við sömu grein, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og ákærði Guðni auk þess til greiðslu skaðabóta“.

— — —

Málsatvik.

I.

Ákærði viðurkenndi fyrir dómnum 4. þ.m. að hafa framið þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið. Ákærði kvaðst þannig hafa gefið tékkann út, án þess að næg innstæða væri á reikningi sínum, en tryggingafélagið hefði geymt tékkann til mánaðamóta janúar/febrúar 1991, en ákærði þá ekki átt innstæðu fyrir tékkanum á tékkareikningi sínum. Ákærði kvaðst hafa notað tékkann svo sem lýst er í ákæru. Ákærði hefur greitt Tryggingamiðstöðinni hf. tékkann að fullu.

Ákærði Sigurþór kom fyrir dóminn 4. þ.m. og kvað þennan ákærulið réttan utan það, að árekstur milli bifreiðanna hefði orðið á kvartmílubrautinni við Hafnarfjörð 14. janúar sl. fyrir slysi, en ekki svo sem lýst er í ákæru. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreið sinni, R-67193, eftir brautinni, en bifreið meðákærða hefði verið kyrrstæð við enda brautarinnar og dálítið til hliðar, nokkuð frá þeim stað, er vanalegt sé að stöðva akstur bifreiða,

er ekið sé eftir brautinni. Ákærði kvaðst ekki hafa náð að stöðva bifreið sína, sem hafi runnið og lent á bifreið meðákærða í þetta eina skipti, en ekki nokkrum sinnum, eins og greinir í ákæru. Ákærði kvaðst ekki hafa náð að stöðva bifreið sína og telja, að lausamöl á brautinni hefði valdið nokkru þar um, svo og kunni að hafa verið ísing á brautinni, en ákærði kvaðst hafa séð götur borgarinnar saltaðar síðar um kvöldið. Ákærði kvað meðákærða hafa staðið á lengdar og orðið vitni að árekstrinum svo og Sverri Má Sverrisson, kunningja sinn, sem hafi verið með í för á kvartmílubrautinni. Ákærði lýsti síðan heimferð ákærðu á bifreið meðákærða, og síðar um kvöldið hefðu þeir sótt bifreið ákærða og dregið hana í Kópavog og skilið hana þar eftir við sundlaugina. Ákærði kvað báða ákærðu hafa talið, að tryggingar bifreiðanna næðu ekki til tjóns, er hlytist við þær aðstæður, sem lýst var. Ákærðu hefðu þá ákveðið að haga tjónstilkynningu svo sem lýst er í ákæru í því skyni að fá tjónið bætt. Ákærði kvaðst hafa afhent Árna Ásgeirssyni hjá Tryggingamiðstöðinni hf. tjónstilkynninguna og hvorki krafist bóta né fengið tjón sitt bætt.

Ákærði Guðni Magnússon kom fyrir dóminn 4. þ.m. Ákærði kvað háttsemi sinni rétt lýst í þessum ákæruútliti utan því, að árekstur milli bifreiðanna hefði verið einn, en ekki nokkrir, svo sem í ákæru greinir. Ákærði bar fyrir dóminum efnislega á sama veg og meðákærði um það, hvernig árekstur bifreiðanna varð, kringumstæður á kvartmílubrautinni og flutning bifreiðar meðákærða í Kópavog. Ákærði kvað báða ákærðu síðan hafa ritað tjónstilkynningu þá, er framvísað var hjá Tryggingamiðstöðinni hf., og hafi ákærðu ákveðið að staðsetja áreksturinn, svo sem í ákæru greinir, í því skyni að fá tjón sitt bætt. Ákærði kvaðst hafa fengið greiddar 415.000 kr. í tjónsbætur frá Tryggingamiðstöðinni hf., eftir að ákærði hafði skilað þangað tjónstilkynningunni.

Vitnið Sverrir Már Sverrisson var yfirheyrt hjá lögreglu 15. febrúar sl. og lýsti þá fjórum árekstrum milli bifreiða ákærðu, er þær voru staddar á kvartmílubrautinni að kvöldi 14. janúar sl. Sverrir kvað hálku hafa verið á brautinni, en árekstrarnir hefðu verið sviðsettir. Sverrir kvað ákærða Sigurþór hafa ekið bifreiðinni R-67193, er fyrsti árekstur varð. Sverrir lýsti því síðan, er hann ók bifreiðinni R-67193 tvisvar á bifreiðina R-12710 á 40-50 km hraða miðað við klst. í tvö skipti, en Sverrir kvað ákærða Sigurþór hafa ekið á sama hraða. Sverrir kvað ákærða Guðna síðan hafa annast síðustu ákeyrsluna af stuttu færi með bensíngjöfina í botni.

Sverrir Már Sverrisson kom fyrir dóminn 9. þ.m. og skoraðist þá undan því að svara spurningum, sbr. 91. gr. laga 74, 1974.

Ákærðu vísuðu báðir á bug framburði Sverris, Más Sverrissonar, er ákærðu voru yfirheyrdir fyrir dóminum, og höfðu ákærðu báðir borið efnislega á sama veg hjá lögreglu og hér fyrir dómi, og staðfestu báðir þann framburð sinn fyrir dóminum.

Vitnið Árni Ásgeir Ásgeirsson, fulltrúi hjá Tryggingamiðstöðinni hf., kom fyrir dóminn 10. þ.m. Árni lýsti þeirri skoðun sinni, þegar hann hafði skoðað ljósmyndir af bifreiðum þeim, er í ákæru greinir, að hugsanlegt væri, að bifreiðarnar hefðu rekist saman oftast en einu sinni, en alls ekki fjórum sinnum á 40-50 km hraða. Árni kvað ákærða Sigurþór hafa komið á skrifstofu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. fljótlega eftir tjónið í því skyni að leita eftir bótum og hann þá framvísað tjónstilkynningu, og staðfesti Árni, að tjónstilkynningin væri hin sama og er meðal gagna málsins. Árni kvað ákærða Guðna hafa framvísað ljósriti tjónstilkynningarinnar.

Vitnið Árni Ásgeir var spurt að því, hvort húftrygging Tryggingamiðstöðvarinnar hf. bætti tjón, sem orðið hefði á eða við kvartmilubrautina, á þann hátt, er ákærðu lýstu hér fyrir dómnum, sbr. að framan. Árni kvað almennu regluna varðandi húftryggingu félagsins vera þá, að tjón, er hlytist af akstri utan hins almenna vegakerfis, væri ekki bótaskyld. Hins vegar kvaðst Árni ekki geta svarað spurningunni beint án þess að skoða málið nákvæmlega.

Niðurstöður.

I.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í þessum ákærulið, og er brot ákærða þar rétt heimfært til refsíákvæða.

II.

Ákærðu hafa báðir vísað því á bug að hafa viljandi skemmt bifreiðar sínar á þann hátt, sem lýst er í ákæru, og hafa báðir neitað því frá upphafi rannsóknar máls þessa. Sverrir Már Sverrisson bar hins vegar á annan veg hjá lögreglu, en hann skoraðist undan því að svara spurningum fyrir dómnum, sbr. 91. gr. laga 74, 1974, en svo sem Sverrir hagaði framburði sínum hjá lögreglu, hefði verið rétt að gæta þess lagaákvæðis, er Sverrir var yfirheyrður 15. febrúar sl. Vitnið Árni Ásgeir Ásgeirsson, lærður bifreiðasmiður og vanur tjónsskoðunarmaður hjá tryggingafélagi, hefur borið fyrir dómnum, að óhugsandi sé, að bifreiðinni R-67193 hafi verið ekið fjórum sinnum á bifreiðina R-12710 á þann hátt, er Sverrir Már lýsti hjá lögreglu. Hins vegar kvað Árni ekki óhugsandi, að fleiri en einn árekstur hefði orðið. Dómurinn telur, þegar ofanritað er virt og gögn málsins að öðru leyti og þá einkum ljósmyndir, er teknar voru af bifreiðunum, eftir að þeim hafði verið stillt upp, ekki sannað, að ákærðu hafi viljandi skemmt bifreiðarnar á kvartmilubrautinni við Hafnarfjörð 14. janúar sl. með því að aka bifreiðinni R-67193 nokkrum sinnum á bifreiðina R-12710, svo sem í ákæru greinir, heldur hafi verið um óhapp að ræða, svo sem ákærðu lýstu.

Svo sem rakið var, kvaðst vitnið Árni Ásgeir Ásgeirsson ekki geta svarað beint spurningunni um það, hvort Tryggingamiðstöðin hf. bætti tjón ákærðu, sem hlytist af akstri á kvartmílubrautinni, ef atvik væru með þeim hætti, er ákærðu hafa lýst fyrir dóminum. Svo sem lýst er að framan, er miðað við framburð ákærðu um það, hvernig áreksturinn varð á eða við kvartmílubrautina. Ekki er við önnur gögn að styðjast en framburð vitnisins Árna Ásgeirs Ásgeirssonar og váttryggingaskilmála þá, er giltu í janúar sl., er skera úr því, hvort Tryggingamiðstöðinni beri að bæta tjón það, er varð við áreksturinn 14. janúar sl. Í váttryggingakilmálum Tryggingamiðstöðvarinnar hf., er giltu fyrir húftryggingar ökutækja í janúar sl., segir í kafla um undanskilda áhættu, að Tryggingamiðstöðin greiði ekki bætur, þegar „um er að ræða kappakstur, aksturskeppni, reynsluakstur eða æfingar fyrir slíkan akstur, nema um annað sé samið“. Hin tilvitnuðu ákvæði váttryggingaskilmálanna benda til þess, að félagið sé ekki bótaskyld vegna tjóns, er hlaust af akstri bifreiðarinnar R-67193 14. janúar sl. við eða á kvartmílubrautinni. Þá er það fallið til að vekja tortryggni, að ákærði Sigurbór keypti húftryggingu fyrir bifreið sína, R-67193, aðeins þremur dögum fyrir áreksturinn við kvartmílubrautina. Hins vegar, er lítið er til framburðar vitnisins Árna Ásgeirs Ásgeirssonar, sem hefur áratugareynslu af tryggingamálum, er ekki alveg öruggt, að félagið sé undanþegið ábyrgð vegna tjónsins, en Árni Ásgeiri var gerð grein fyrir lýsingu ákærðu á því, hvernig tjónið varð, en miðað er við framburð ákærðu um það, hvernig tjónið varð. Dómurinn telur, að vafann í þessu efni beri að skýra ákærðu í hag, og er því ekki víst, að nokkru máli skipti, er bótaábyrgð félagsins er metin, þótt ákærðu hafi framvísað réttum tjónstilkynningum, en ekki staðsett áreksturinn, svo sem í ákæru greinir, þar sem ekki er öruggt, að Tryggingamiðstöðin hf. bæti ekki tjón, er hlaust við kvartmílubrautina 14. janúar sl. og við þær kringumstæður, er ákærðu hafa báðir lýst fyrir dóminum, sbr. framburð Árna Ásgeirs þar um. Ekki skipti máli hér, þótt ákærðu hafi talið sig þurfa að staðsetja áreksturinn, svo sem í ákæru greinir, til að fá tjón sitt bætt. Með vísan til þessa og meginreglu íslensks réttar þess efnis, að allan vafa beri að skýra sökunauti í hag, eru ákærðu báðir sýknaðir af háttsemi, sem þeim er gefin að sök í þessum ákærulið. Vegna þessara málalýkta er ekki fjallað um bótakröfu Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Ákærði Sigurbór greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 15.000 kr. í málsvarnarlaun.

Sakarkostnaður að öðru leyti greiðist úr ríkissjóði, þar með taldar 55.000 kr. í málsvarnarlaun til Kristjáns Stefánssonar hrl.

D ó m s o r ð:

Ákærði Guðni Magnússon er sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins.

Frestað er ákvörðun refsingar ákærða Sigurþórs Ólafssonar skil-orðsbundið í tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa, og falli refsing niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. mgr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði Sigurþór greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 15.000 kr. í málsvarnarlaun.

Sakarkostnaður að öðru leyti greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun, 55.000 kr., til Kristjáns Stefánssonar hrl.
